



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ásta Guðrún Beck
Ráðhús Reykjavíkur

Afgreiðslutími íþróttá- og tómsfundaráðs á tillögum og fyrirspurnum - tilv. R15050019

Á tímabilinu 16. júní 2014 - 15. júní 2015 voru lagðar fram 23 tillögur og 14 fyrirspurnir í íþróttá- og tómsfundaráði.

3 tillögur voru afgreiddar á sama fundi og þær voru lagðar fram
18 tillögur voru afgreiddar á næsta fundi eftir að þær voru lagðar fram
1 tillaga var afgreidd tveimur fundum síðar.
1 tillaga hefur ekki verið afgreidd.

9 fyrirspurnum var svarað á næsta fundi eftir að þær voru lagðar fram
2 fyrirspurnum var svarað tveimur fundum eftir að þær voru lagðar fram (fá þurfti svar frá öðru sviði)
1 fyrirspurn var svarað fjórum fundum síðar (fá þurfti svör frá mörgum utanaðkomandi aðilum)
1 fyrirspurn var svarað sex fundum síðar (Viðamikil fyrirspurn, ráða þurfti sérfræðing)
1 fyrirspurn hefur ekki verið svarað.

Það tók rúmlega einn dag að svara þessari upplýsingabeiðni. Vandkvæðin við að svara þessari upplýsingabeiðni fólust í tímaskorti.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri.

Ásta Guðrún Beck

Efni:

FS: Afgreiðslutími fagráða

From: Líf Magneudóttir

Sent: 27. ágúst 2015 17:00

To: Ásta Guðrún Beck

Afrit: Anna Kristinsdóttir; Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Subject: SV: Afgreiðslutími fagráða

Sæl Ásta.

Eftir að hafa rennt yfir fundargerðir virðist mér þetta vera niðurstaðan:

a) Tillögur:

1. Tillaga Sjálfstæðisflokks frá 28. apríl 2015 afgreidd og framkvæmd 26. júní. (í borgarráði)
2. Tillaga mannréttindaráðs frá 14. apríl 2015 er í vinnslu og verður lokið væntanlega í september.
3. Tillaga mannréttindaráðs frá 10. mars 2015 -samþykkt á sama fundi en er enn óframkvæmd
4. Tillaga mannréttindaráðs frá 23. september 2014 - samþykkt á sama fundi en er enn í vinnslu

b) Fyrirspurnir:

1. Fyrirspurn mannréttindaráðs frá 28. október 2014 - svarað 25. nóvember 2014
2. Fyrirspurn af BR frá 14. október 2014 vísað til samstarfsnefndar Rvk.prófastadæma - enn ekki svarað
3. Fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina frá 26. ágúst 2014 svarað 23. september 2014
4. Fyrirspurn Sjálfstæðisflokks frá 10. mars 2015 svarað 14. apríl 2015
5. Fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina frá 9. júní 2015 - enn ósvarað.

**Fw: Upplýsingar um afgreiðslutíma skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur**

Bréf: t-póstur

Málsnúmer: R15050019

Bréfalyklar: 100 Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar

Eigandi skjals: Ásta Guðrún Beck

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 28.08.2015

Dagsetning skjals: 28.08.2015

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Aðalbjörg Dísá Guðjónsdóttir"

<adalbjorg.disa.gudjonsdottir@reykjavik.is>

Skjalalykill	100 Stjórnsýsla Reykjavíkurborgar	Málsnúmer	R15050019
Móttökudags.	28.08.2015	Skráð í GoPro	28.08.2015

Tegund skjals	t-póstur	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		

Sent:

Sent til:

Notandi: "Aðalbjörg Dísá Guðjónsdóttir" <adalbjorg.disa.gudjonsdottir@reykjavik.is>

Dagsetning: 28.8.2015 14:24:14

Til: "Ásta Guðrún Beck" <Asta.Gudrun.Beck@reykjavik.is>

Afrit til: "Skúli Helgason" <Skuli.Helgason@reykjavik.is>Ragnar Steinþór Þorsteinsson"

<Skuli.Helgason@reykjavik.isSkuli.Helgason>

Efni: Fw: Upplýsingar um afgreiðslutíma skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur

Tilvísun í mál: SFS2015070008

Reykjavík, 23. júlí 2015

SFS2015070008

Ráðhús Reykjavíkur

Ásta Guðrún Beck

0.0

Efni:***Upplýsingar um afgreiðslutíma skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur***

Í erindi til Skúla Helgasonar, formanns skóla- og frístundaráðs, dagsettu 2. júlí sl., er óskað upplýsinga um afgreiðslutíma tillagna og fyrirspurna sem lagðar voru fram á fundum skóla- og frístundaráðs á tímabilinu 16. júní 2014 til 15. júní 2015.

a) Hversu langur tími leið frá því að tillaga var lögð fram í ráði þar til hún var afgreidd?

Á tímabilinu voru lagðar fram 19 tillögur. Meðalafgreiðslutími var 32 dagar. Stysti afgreiðslutími 0 dagar, þ.e. tillaga afgreidd á fundinum sem hún var lögð fram á. Lengsti afgreiðslutími var 161 dagur. Skóla- og frístundaráð fundar að jafnaði hálfsmánaðarlega. Þrjár vikur voru á milli funda í júní. 12 af 19 tillögum voru afgreiddar á næsta fundi eftir að þær voru lagðar fram. Þess má geta að tillagan sem tók 161 dag að afgreiða var tekin til meðferðar á næsta fundi eftir að hún var lögð fram og þá var afgreidd málsmeðferðartillaga þar sem lagt var til að fá álit skólastjóra grunnskóla á tillögunni. Skýrir það lengd afgreiðslutímans.

b) Hversu langur tími leið frá því að fyrirspurn var lögð fram þar til svar var lagt fram?

Á tímabilinu voru lagðar fram 20 fyrirspurnir. 17 fyrirspurnum var svarað á tímabilinu. Meðalafgreiðslutími þeirra var 66 dagar. Stysti afgreiðslutími var 14 dagar. Lengsti afgreiðslutími var 140 dagar.

Þess má geta að á tímabilinu voru einnig lögð fram svör við 8 fyrirspurnum sem höfðu verið lagðar fram fyrir 16. júní 2014. Meðalafgreiðslutími þeirra var 277 dagar. Stysti afgreiðslutími var 82 dagar. Lengsti afgreiðslutími var 476 dagar.

Ef lagðar eru fram fyrirspurnir þar sem afla þarf upplýsinga frá starfseiningum sviðsins, leikskólum, grunnskólum og/eða frístundamiðstöðvum sem ekki er brýnt að fá svör við er viðhaft það verklag að senda fyrirspurnirnar út í svokölluðum spurningavagni, þ.e. búið er að safna saman fyrirspurnum sem skrifstofa sviðsins er að leita svara við út á vettvang. Slíkir vagnar eru sendir út tvisvar til þrisvar yfir veturinn. Ef brýnt er að fá svar er kallað eftir því strax. Ástæða þessa verklags er sú að það er töluvert mikið um það að leitað sé upplýsinga um ýmis mál til stjórnenda á vettvangi, sem þeir þurfa að afla upplýsinga um úr innri starfsemi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs. Því var nauðsynlegt að koma á skýru verklagi fyrirspurna til að tryggja svörun, að vel sé haldið utan um fyrirspurnirnar og ekki síst til að stjórnendur á vettvangi geti haldið skipulega utan um upplýsingaöflunina og látið hana falla vel að öllu því starfi sem fram fer á vettvangi. Þessi aðferð við öflun svara af vettvangi útskýrir að hluta langan svartíma fyrirspurna.

Í meðfylgjandi excel skjali er að finna sundurliðaðar upplýsingar varðandi hverja tillögu og hverja fyrirspurn fyrir sig.

Það tók um fjórar klukkustundir að taka saman upplýsingar til að geta svarað fyrirspurninni og gekk það ágætlega. Skrifstofa sviðsins mun nýta sér þessa fyrirspurn til að halda á markvissari hátt heldur en gert hefur verið utan um svartíma á afgreiðslu erinda, enda eðlilegt að geta svarað til um hann hratt og örugglega.

Með kveðju,

Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra



- svar_fyrirspurn_afgreidslutimi_tillogur_fyrirspurnir.pdf

**Fylgiskjal með fyrirspurn - Upplýsingar um afgreiðslutíma
tillagna og fyrirspurna úr skóla- og frístundaráði frá 16/6
2014 - 15/6 2015**

Tillaga	Flokkur	Lögð fram dags.	Afgreidd dags	Afgreiðslu- tími dagar
Skóla- og frístundaráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að gera úttekt á járngirðingum, og öðrum girðingum í leikumhverfi barna, meta slysatíðni vegna þeirra og fjarlægja og/eða laga þær sem skaði getur hlotist af. Vísbendingar eru um að hættulegar girðingar séu víða í leikumhverfi barna í borgarlandinu, bæði á opinberum leiksvæðum og einnig í kringum leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili.	V	4.jún.14	30.jún.14	26
Skóla- og frístundaráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að ráðist verði í átak vegna viðhalds og endurbóta á húsnæði og lóðum leikskóla í borginni. Þá er brýnt að sem fyrst verði hafist handa við málningu leiktækja á lóðum leikskóla og grunnskóla, sem liggja allvíða undir skemmdum vegna viðhaldsskorts.	V og D	21.maí.14	20.ágú.14	91
Framleiðsla matvæla hefur verið skert í mötuneyti Hagaskóla og þar með dregið verulega úr þeirri fjölbreytni, sem nemendum hefur staðið til boða í mötuneyti skólans. Hefur m.a. verið dregið úr framboði ávaxta. Skóla- og frístundaráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að sem fyrst verði ráðist í viðeigandi úrbætur á húsnæði skólans í því skyni að tryggja sambærilega þjónustu mötuneytisins og veitt var sl. vetur. Jafnframt verði óskað eftir því við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að umrætt mötuneyti fái áframhaldandi undanþágu fyrir slíka starfsemi í ljósi þess að slíkar framkvæmdir standi fyrir dyrum.	D	3.sep.14	17.9.2014 (var lögð fram breytingatillag a)	14

Framleiðsla matvæla hefur verið skert í mötuneyti Hagaskóla og þar með dregið verulega úr þeirri fjölbreytni, sem nemendum hefur staðið til boða í mötuneyti skólans. Hefur m.a. verið dregið úr framboði ávaxta. Skóla- og frístundaráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að sem fyrst verði ráðist í viðeigandi úrbætur á húsnæði skólans í því skyni að tryggja sambærilega þjónustu mötuneytisins og veitt var sl. vetur.	D	17.sep.14	1.okt.14	14
Skóla- og frístundaráð beinir því til borgarstjórnar að í fjárhagsáætlun Reykjavíkur-borgar fyrir árið 2015 verði 190 milljóna króna framlag veitt til framkvæmda vegna viðbyggingar við Breiðholtsskóla og endurbóta á eldra húsnæði skólans.	D	5.nóv.14	19.nóv.14	14
Skóla- og frístundaráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að endurbætur verði gerðar á lóð Húsaskóla á árinu 2015. Sinna þarf almennu viðhaldi, endurnýja leiktæki og undirlag og leggja sparkvöll með gervigrasi á skólalóðinni.	D	5.nóv.14	19.nóv.14	14
Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla- og frístundaráði leggur fram tillögu um að þegar skýrslur liggja fyrir skuli innan 3 mánaða liggja fyrir tímasett aðgerðaáætlun.	B	19.nóv.14	3.12.2014 (lögð fram breytt tillaga)	14
Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur samþykkir að framlengja forgang barna úr Hvassaleitisskóla (Háaleitisskóla - Hvassaleiti) til skólavistar í Réttarholtsskóla ótímabundið. Þannig verði tryggt að viðkomandi börn eigi áfram val um skólavist á unglingastigi milli Réttarholtsskóla og Álftamýrarskóla (Háaleitisskóla – Álftamýri), líkt og samþykkt var á fundi borgarstjórnar 19. apríl 2011.	D	21.jan.15	4.feb.15	14

<p>Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur samþykkir að komið verði á fót sérúrræði til að mæta þörfum grunnskólanemenda, sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða, og þeirra sem mælast jákvæðir á fíkniefnaprófi. Nemendum í slíkum vanda verði boðin dagleg kennsla, þátttaka í uppbyggilegu tómstundastarfi auk ráðgjafar/hjálpar til að takast á við vímuefna- og hegðunarvanda. Í byrjun verði aðaláherslan, auk kennslu, lögð á að nemandinn mæti og fái fræðslu, ráðgjöf og umfjöllun um sinn vanda. Verkefnið verði mótað í samstarfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Brúarskóla, frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva. Þá verði jafnframt óskað eftir samstarfi við SÁÁ um verkefnið. Skipað verði sérstakt stjórnunarteymi með fulltrúum framangreindra aðila sem móti verkefnið, haldi utan um framkvæmd þess og hafi eftirlit með því. Þriggja manna innritunarteymi semji vinnureglur um fyrirkomulag kennslu, tómstunda og meðferðar á vegum verkefnisins og setji því árangurstengd markmið. Nemendateymi verði ávallt stofnað við tilliti til aðstæðna í umræddum skóla og vilja foreldra.</p>	D	21.jan.15	4.feb.15	14
---	---	-----------	----------	----

<p>Lagt er til að eftirfarandi málsgrein bætist við 10. gr. samþykktar um skóla- og frístundaráð.</p> <p>Við ráðningu í stöðu skólastjóra og leikskólastjóra skal skóla- og frístundasvið gefa foreldrafélagi og skólaráði/foreldraráði viðkomandi skóla kost á virku samráði um málið. Þar sem ráðning skólastjóra eða leikskólastjóra stendur fyrir dyrum, skal gefa stjórn viðkomandi foreldrafélags og skólaráði/foreldraráði kost á að hitta að máli þá umsækjendur, sem metnir hafa verið hæfastir, til að kynnast sýn þeirra á starfið. Heimilt er að hafa slíkan fund opinn öllum foreldrum viðkomandi skóla. Að undangengnu slíku samráði er þessum aðilum, þ.e. stjórn foreldrafélags og skólaráði/foreldraráði, heimilt að skila umsögn til skóla- og frístundasviðs með álitum um hvaða umsækjandi sé hæfastur til að gegna viðkomandi starfi. Umræddum aðilum er einnig heimilt að að skila umsögn til sviðsins án þess að mælt sé með ákveðnum umsækjanda en með ábendingum um hvaða atriði sé æskilegt að leggja áherslu á þegar ráðið verður í stöðuna með tilliti til aðstæðna í umræddum skóla og vilja foreldra.</p>	D	1.apr.15	1.apr	0
<p>Skóla- og frístundaráð samþykkir að skýrslur með niðurstöðum um árangur hvers grunnskóla í lesskimun og stærðfræðiskimun, þ.e. skólaskýrsla, verði birtar á heimasíðu viðkomandi skóla ásamt skýrslu um heildarniðurstöður fyrir grunnskóla borgarinnar.</p>	D	19.nóv.14	Tekin fyrir 3. desember 2014, þá lögð fram málsmeðferða rtillaga um að kanna afstöðu skólastjóra. Afgreidd 29. apríl 2015	161

<p>Skóla- og frístundaráð samþykkir að skýrsla með heildarniðurstöðum um árangur grunnskóla í lesskimun og stærðfræðiskimun, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um árangur hvers skóla, verði birtar á heimasíðu viðkomandi skóla.</p>	D	11.mar.15	29.apr.15	49
<p>Lagt er til að eftirfarandi setning bætist við 2. lið í núgildandi reglum um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar frá 10. september 2013. Skólastjórum grunnskóla er heimilt að leyfa fulltrúum félaga, sem sinna uppbyggilegu íþróttá- og æskulýðsstarfi í viðkomandi hverfi að kynna starfsemi sína á skólatíma enda sé gætt hófs og farið eftir fyrirmælum viðkomandi skólastjóra.</p>	D	29.apr.15	13.maí.15	14
<p>Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur óskar eftir því við umhverfis- og skipulagssvið að sem fyrst verði farið í viðhald og endurbætur á húsnæði og lóð leikskólans Bakkaborgar í Breiðholti. Húsnæði og lóð skólans er verulega ábótavant svo vægt sé til orða tekið. Slysahætta er jafnvel fyrir hendi á lóðinni eins og foreldraráð Bakkaborgar hefur bent á.</p>	D	29.apr.15	13.maí.15	14
<p>Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla- og frístundaráði leggur til að skóla- og frístundasvið taki saman niðurstöður rannsókna um hámark æskilegs tíma sem börn nota við tölvuskjá, sjónvarpsáhorf og aðra netnotkun og niðurstöðurnar verði gerðar aðgengilegar á netinu fyrir forráðamenn barna og unglinga. Niðurstöðunum fylgi útskýringar á því hvaða neikvæðu áhrif lengri netnotkun séu taldar geta haft á líkamsþroska barna. Einnig verði skoðaðar þær forsendur sem lágu fyrir ákvarðanatöku franska þingsins um takmörkun á netnotkun í skólum, og hvort að hið sama eigi mögulega við í grunnskólum Reykjavíkur.</p>	B	29.apr.15	24.jún	56

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í skóla- og frístundaráði leggur til að við afhendingu hvatningaverðlauna skóla- og frístundaráðs verði gerð nokkur breyting á framkvæmd athafnarinnar. Fulltrúum barna viðkomandi verðlaunahafa verði boðið að vera við athöfnina og vínveitingar mættu þá leggjast af sé þess þörf. Einnig er lagt til að a.m.k. ein ljósmynd verði birt á skjánum af viðkomandi verkefni þegar verkefninu er lýst og viðurkenningin afhent.	B	13.maí.15	24.jún.15	42
Skóla- og frístundaráð beinir því til borgarráðs að ráðist verði í átak vegna viðhalds og endurbóta á húsnæði og lóðum leikskóla í borginni. Þá er brýnt að sem fyrst verði hafist handa við málningu leiktækja á lóðum leikskóla og grunnskóla, sem liggja allvíða undir skemmdum vegna viðhaldsskorts.	D	3.jún.15	24.jún.15	21
Skóla- og frístundaráð óskar eftir því við umhverfis- og skipulagssvið að komið verði upp salernisaðstöðu við útileiksvæðið í Gufunesi. Með sívaxandi notkun svæðisins, m.a. vegna vinsælda álfahóls, brettagarðs, strandblakvalla og ævintýrakastala er æskilegt að salernisaðstaða sé fyrir hendi þegar frístundamiðstöðin er lokuð um kvöld og helgar.	D	3.jún.15	24.jún.15	21
Lagt er til að gerðar verði ráðstafanir til þess að frístundaheimili fyrir nemendur Klettaskóla verði opin í sumar svo viðkomandi nemendur geti notið þess að vera á öruggum stað í umhverfi og innan um fólk sem þau þekkja.	D	3.jún.15	24.jún.15	21
				614

Alls:

19 tillögur

614 dagar

Meðalafgreiðslutími 32,3 dagar

Stysti afgreiðslutími 0 d. (samdægurs)

Lengsti afgreiðslutími 161 dagur

--	--	--	--	--

Fyrirspurn	Flokkur	Lögð fram dags.	Svar lagt fram d	Afgreiðslu- tími dagar	Eldri fyrirspurnir
Varðandi eineltismál í skólum Reykjavíkur	D	9.apr.14	30.jún.14		82
Varðandi jafnréttismál í leik- og grunnskólum	V	15.maí.13	3.sep.14		476
Varðandi skólasókn nemenda í 6. og 7. bekk Vættaskóla	D	17.sep.14	1.okt.14	14	
Um umsóknir leikskóla vegna fjölgunar leikskólarýma	D	7.maí.14	15.okt.14		161
Varðandi húsnæðis- og lóðamál grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar	B	1.okt.14	19.nóv.14	49	
Varðandi þróun fjárframlaga Reykjavíkurborgar til sérkennslu og biðlista eftir greiningu	D	9. ap. 2014	19.nóv.14		224
Ítrekun á fyrir fyrirspurn varðandi þróun fjárframlaga Reykjavíkurborgar til sérkennslu og biðlista eftir greiningu	D	5.nóv.14	19.nóv.14	14	
Varðandi fyrirkomulag sundkennslu í grunnskólum Reykjavíkur	D	5.nóv.14	3.des	28	
Um hvort niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk séu notaðar sem hluti af skólaeinkunn	B	1.okt.14	21.jan.15	112	
Varðandi leiðbeiningar til starfsfólks um sparnað við prentun og ljósritun gagna	B	3.sep.14	21.jan.15	140	
Varðandi námsmarkmið sem lögð eru til grundvallar við gerð samræmdra prófa í grunnskóla	D	17.sep.14	21.jan.15	126	
Varðandi kirkjuferðir barna í leik- og grunnskólum	V	4.des.13	21.jan.15		413
Varðandi unglingadeild við Foldaskóla	D	5.mar.14	21.jan.15		322
Varðandi ofbeldi í skólum	D	9.apr.14	21.jan.15		287
Varðandi barngildi í leikskólum og undirbúningstíma	D	14.maí.14	21.jan.15		252
Varðandi skólabúninga í leikskólum og grunnskólum Reykjavíkur	B	3.sep.14	21.jan.15	140	
Um vanda sem skapast vegna hótana og ofbeldis sem nemendur í grunnskólum verða fyrir af hálfu einstaklinga/hópa sem eiga við vímuefnavanda að stríða	D	21.jan.15	4.feb.15	14	
Varðandi ástæður þess að tillaga um breytingu á reglum um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi hefur ekki verið lögð fyrir skóla- og frístundaráð	D	29.apr.15	13.maí.15	14	
Varðandi húsnæði skóla og frístundaheimila	B	1.apr.15	3.jún.15	63	
Varðandi fyrirkomulag brunavarna við Háaleitisskóla-Álftamýri	D	15.apr.15	3.jún.15	49	

Varðandi fjölda tilkynninga, atvika og meðferðarúrræða á vegum þjónustumiðstöðva á höfuðborgarsvæðinu	B	29.apr.15	3.jún.15	35	
Varðandi biðlista eftir leikskólavist	D	13.maí.15	3.jún.15	21	
Varðandi ósk um upplýsingar um framkvæmd tillögu um breytta staðsetningu bensinstöðvar við Kirkjustétt 2-6	D	25.feb.15	24.jún.15	119	
Varðandi hálkuvörnir og snjómokstur við skóla og frístundaheimili Reykjavíkurborgar	D	11.mar.15	24.jún.15	105	
Varðandi samþykktir fyrir foreldrafélög grunn- og leikskóla	B	1.apr.15	24.jún.15	84	
Um hvaða leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili og skólahljómsveitir nýta sér menningarfræðslu sem í boði er hjá menningarstofnunum borgarinnar	D	25.feb.15		Enn ósvarað	
Varðandi gangbrautavörslu við skóla og frístundaheimili borgarinnar	D	11.mar.15		Enn ósvarað	
Varðandi hlutfall leikskólakennara í leikskólum í Reykjavík	D	3.jún.15		Enn ósvarað	
				1127	2217

Tímabilið 16. júní 2014 til 15. júní 2015

20 fyrirspurnir lagðar fram, 17 hefur verið svarað

Meðal afgreiðslutími eru 66 dagar.

Stysti afgreiðslutími 14 dagar.

Lengsti afgreiðslutími 140 dagar.

Framlögð svör fyrirspurna sem voru lagðar fram fyrir 16. júní 2014

Lögð fram svör við 8 fyrirspurnum frá eldra tímabili

Meðal afgreiðslutími eru 277 dagar.

Stysti afgreiðslutími 82 dagar.

Lengsti afgreiðslutími 476 dagar.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Ásta Guðrún Beck
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík 29. september 2015.

Efni: Svar við beiðni um upplýsingar um afgreiðslutíma fagráða.

Þann 7. júlí 2015 barst erindi frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þar sem óskað var eftir upplýsingum um afgreiðslutíma fagráða annars vegar vegna tillagna og hins vegar vegna fyrirspurna sem lagðar voru fram á fundum ráðsins. Átt var við tillögur og fyrirspurnir frá fulltrúum fagráðanna á tímabilinu 16. júní 2014 til 15. júní 2015.

Óskað var eftir upplýsingum um:

- a) Hversu langur tími leið frá því að tillaga var lögð fram í ráði þar til hún var afgreidd. Meðalafgreiðslutími tillagna var 4 dagar, lengsti tími var 21 og skemmsti tími 0 dagar.
- b) Hversu langur tími leið frá því að fyrirspurn var lögð fram þar til svar var lagt fram. Meðalafgreiðslutími fyrirspurna var 24 dagar, lengsti tími var 49 og skemmsti tími 0 dagar.

Einnig var tekið fram að gott væri, en ekki nauðsynlegt að fá að auki upplýsingar um hversu langan tíma það tók að svara þessari upplýsingabeiðni og hvort að það hafi verið einhverjum vandkvæðum háð og hvernig þau hafi þá lýst sér. Erfitt er að gefa upp tímann sem að þetta tók vegna þess að þetta var unnið samhliða öðrum verkefnum. Helstu vandkvæðin við þessa upplýsingaöflun að upplýsingarnar er eingöngu að finna í fundargerðum ráðsins. Til þess að hafa þetta nákvæmt og rétt þá var hver og ein fundargerð lesin mörgum sinnum.

Meðfylgjandi er nánari upplýsingarnar sem að beiðin var um.

Með kveðju,
f.h. velferðarsviðs

Helga Sigurðardóttir

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Upplýsingar um afgreiðslutíma fagráða

Tillögur og fyrirspurnir frá fulltrúum velferðarráðs á tímabilinu 16. júní 2014 til 15. júní 2015.

a) Hversu langur tími leið frá því að tillaga var lögð fram í ráði þar til hún var afgreidd.

b) Hversu langur tími leið frá því að fyrirspurn var lögð fram þar til svar var lagt fram.

Tillögur/ fyrirspurnir	Fundargerð dags.	Liður í fundargerð	Efni tillögu/fyrirspurnar	Niðurstaða	Fjöldi daga	Athugasemdir	Svar sviðsins
Tillaga	19.6.2014	Liður 3	Tillaga um að Elín Oddný Sigurðardóttir verði kjörin varaformaður velferðarráðs.	19.6.2014	0		
Tillaga	19.6.2014	Liður 4	Tillaga um að Björk Vilhelmsdóttir og Áslaug Friðriksdóttir verði kjörnar sem aðalmenn í áfrýjunarnefnd	19.6.2014	0		
Tillaga	21.8.2014	Liður 6	Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lögðu fram eftirfarandi tillagögu vegna Atvinnutorgs úrræði fyrir atvinnulausa. Lagt er til að Velferðarsviði í samvinnu við fulltrúa Atvinnutorgs verði falið að koma með tillögu til velferðarráðs, að því hvernig ná megi enn frekari árangri til að ná fram þessu helsta stefnumáli sviðsins.			Tillaga dregin til baka 4. september 2014	
Tillaga	4.9.2014	Liður 13	Lögð fram eftirfarandi tillaga. Í áherslum og forgangsröðun Velferðarsviðs 2015-2019 kemur fram að sviðið mun beita sér fyrir áframhaldandi markvissum stuðningi við þá íbúa Reykjavíkurborgar sem þurfa fjárhagslega aðstoð	4.9.2014			
Tillaga	4.9.2014	Liður 14	Velferðarráð samþykkir að fela Velferðarsviði í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands greina betur hvað það er sem foreldrar fatlaðra barna í Reykjavík eru óánægðir með. Það er forsenda þess að hægt sé að mæta þörfum þeirra betur. Það er vilji velferðarráðs að veita góða þjónustu sem mætir þörfum þeirra sem á þurfa að halda.	4.9.2014	0		5. nóiv 2014.
Tillaga	4.9.2014	Liður 14	Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lagði fram eftirfarandi tillögu. Lagt er til að velferðarráð og Velferðarsvið beiti sér í því að fjölga starfsfólki sem starfar við stuðningsþjónustu, svo sem félagslega liðveislu þar sem núverandi stöðugildi eru ekki fyllt, til þess að létta á biðlistunum sem nú þegar eru til staðar	18.9.2014	14		

Tillaga	4.9.2014	Liður 14	Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina lögðu fram eftirfarandi tillögu. Lagt er til að fulltrúar Velferðarsviðs komi með hugmyndir til velferðarráðs um hugmyndir að leiðum til að bæta upplýsingagjöf til þeirra sem njóta þjónustu sviðsins en eins og fram kemur í könnunni eru 44% fullorðinna notenda frekar eða mjög óánægðir með þá upplýsingagjöf sem þeir hafa fengið varðandi réttindi fatlaðs fólks og 50% aðstandenda fatlaðra barna	4.9.2014	0		ósvarað
Tillaga	18.9.2014	Liður 3	Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram eftirfarandi tillögu: Lagt er til að reglum um fjárhagsaðstoð verði breytt. Breytingarnar felu í sér að meiri áhersla verði lögð á þá skyldu atvinnuleitenda að taka að sér verkefni á meðan á leitinni stendur en eiga annars ekki rétt til fjárhagsaðstoðar				Óafgreitt
Tillaga	18.9.2014	Liður 4	Velferðarráð samþykkti eftirfarandi tillögu Í skýrslu umboðsmanns borgarbúa koma fram mörg atriði og mikilvægar ábendingar sem snúa að starfsemi Velferðarsviðs. Stærsti hluti þeirra mála sem bárust embættinu tengdust sviðinu. Meðal þess sem fram kemur eru ábendingar á borð við "þöggun", "ekki lausnamiðuð hugsun", "of mikil miðstýring" og að "borgin njóti alltaf vafans" í ljósi ábendinga í skýrslu umboðsmanns borgarbúa telur velferðarráð mikilvægt að fá hann á sinn fund til að ræða niðurstöður skýrslunnar, sérstaklega þær ábendingar sem snúa að Velferðarsviði fyrir ráðinu. Einnig vill velferðarráð kalla eftir upplýsingum um hvernig mati á gæðum starfseminnar er háttað innan sviðsins. Hvaða tæki eru notuð til að meta ánægju með þjónustuna og hvernig upplýsingum um það sem betur má fara er safnað frá notendum þjónustunnar. Einnig óskar velferðarráð eftir upplýsingum um það hvaða leiðir starfsmenn hafa til að koma mikilvægum upplýsingum um vinnustaðinn, starfsumhverfi og starfsánægju á framfæri. Trúnaðarmenn eru á mörgum sviðum lykilaðilar til að safna upplýsingum um viðkvæm mál og spurning hvort slíkt kerfi er notað markvisst á ólíkum starfsstöðvum sviðsins. Í ljósi ábendinga í skýrslu umboðsmanns borgarbúa telur velferðarráð mikilvægt að fá hann á sinn fund til að ræða niðurstöður skýrslunnar, sérstaklega þær ábendingar sem snúa að Velferðarsviði fyrir ráðinu. Einnig vill velferðarráð kalla eftir upplýsingum um hvernig mati á gæðum starfseminnar er háttað innan sviðsins. Hvaða tæki eru notuð til að meta ánægju með þjónustuna og hvernig upplýsingum um það sem betur má fara er safnað frá notendum þjónustunnar. Einnig óskar velferðarráð eftir upplýsingum um það hvaða leiðir starfsmenn hafa til að koma mikilvægum upplýsingum um vinnustaðinn, starfsumhverfi og starfsánægju á framfæri. Trúnaðarmenn eru á mörgum sviðum lykilaðilar til að safna upplýsingum um viðkvæm mál og spurning hvort slíkt kerfi er notað markvisst á ólíkum starfsstöðvum sviðsins.	18.9.2014	0		

Fyrirspurn	18.12.2014	Liður 3	Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að fá yfirlit yfir öll verkefni sviðsins sem tengjast endurskipulagningu á þjónustu við aldraða.			Óafgreitt	
Tillaga	18.12.2014	Liður 8	Tillaga Berri Reykjavík skjól fyrir heimilislaua Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Velferðarsviði verði falið að kanna hvort ástæða sé til að koma enn frekar til móts við fólk sem hefur verið húsnæðislaust til lengri tíma.	8.1.2015	21		
Fyrirspurn	8.1.2015	Liður 9	Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hvort Velferðarsvið Reykjavíkurborgar gefi starfsmönnum sínum jólagjafir og hvort að gerður sé munur á yfirmönnum og almennum starfsmönnum. Séu gjafir gefnar, hverjar eru viðmiðunarfjárhæðir gjafanna : a) til yfirmanna b) til almennra starfsmanna.	8.1.2015	0		
Tillaga	22.1.2015	Liður 8	Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram eftirfarandi tillögu: Lagt er til að velferðarsviði verði falið að skoða möguleika á því að setja upp vefsvæði í því skyni að kynna þjónustu sem stendur einstaklingum og fjölskyldum til boða í skóla- og velferðarmálum	5.2.2015		Velferðarráð samþykkti að vísa málinu til meðferðar stjórnkerfis og lýðræðisráðs.	
Fyrirspurn	5.2.2015	Liður 17	Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram eftirarandi fyrirspurn. Óskað er eftir upplýsingum um það verkferli sem viðhaft er þegar barn eða fatlaður einstaklingur sem ekki getur tjáð sig neitar að fara með ferðaþjónustu eða finnst ekki þegar ferðaþjónustu ber að garði. Fer eitthvað tilkynningarferli af stað og hvernig er því háttað ?	26.2.2015	21		
Fyrirspurn	5.2.2015	Liður 17	Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hvort að stjórn Strætó bs. hafi fengið einhverja ráðgjöf varðandi uppsagnir á þeim fötluðum einstaklingum sem sagt var upp í tengslum við yfirfærslu verkefnisins frá ferðaþjónustunni til Strætó.	26.2.2015	21		
Tillaga	12.2.2015	Liður 1	Velferðarráð leggur til að rekstur gistiskýlis fyrir húsnæðislausa karla verði falinn velferðarsviði.	12.2.2015	0		
Tillaga	26.2.2015	Liður 9	Framsókn og flugvallarvinir leggja til að reglubundin viðhorfskönnun verði gerð til að mæla viðhorf aldraðra til þjónustu Reykjavíkur			Velferðarráð vísar tillögunni til meðferðar á skrifstofu gæða og rannsókna á velferðarsviði.	

Fyrirspurn	19.3.2015	Liður 21	Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hver staðan er á uppbyggingu á þjónustukjarna, íbúðum og hjúkrunarrýmum að Sléttuvegi í Reykjavík. I) Hvaða samningar og viljayfirlýsingar af hálfu Reykjavíkurborgar hafa verið gerðar í tengslum við verkefnið. ii) Liggja fyrir einhverjar tímasetningar og þá hverjar? iii) Hvaða ástæður eru fyrir því að verkefni þetta hefur dregist svo á langinn?	7.5.2015	49		
Fyrirspurn	9.4.2015	Liður 7	Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lagði fram fyrirspurn. Hvenær er þess að vænta að endurskoðun reglna um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur verði lokið til þess að þeir sem metnir eru í mestri þörf njóti stuðnings án tillits til þess hver sé eigandi húsnæðisins?	7.5.2015	28		
Tillaga	7.5.2015	Liður 12	Framsókn og flugvallarvinir leggja til að velferðarsvið ráðist í samkeppni á meðal 13 til 15 ára grunnskólanema um nýjungar í velferðarþjónustu. Þeir skólar sem hafi áhuga á að taka þátt í samkeppninni fái kynningu á velferð og velferðarþjónustu og sendi svo inn hugmyndir og vinni þær áfram í samráði við fagfólk.			Velferðarráð samþykkti að vísa tillögunni til ungmennaráða Reykjavíkurbor	
Tillaga	28.5.2015	Liður 7	Velferðarráð óskar eftir því að við endurskoðun aðgerðaráætlunar um fjárhagsaðstoð sem nú stendur yfir og hefur það að markmiði að fækka fólki sem þarf á fjárhagsaðstoð að halda, muni velferðarsvið; Fjölga tímabundnum störfum hjá Reykjavíkurborg í samvinnu við Atvinnumáladeild og Vinnumálastofnun. Skilgreina þann hóp sem er tímabundið óvinnufær vegna sjúkdóma og fær fjárhagsaðstoð, sem færni-eða endurhæfingarhóp, í stað þess að tala um sjúklinga, hefma skapandi starf með einstaklingum sem fá fjárhagsaðstoð í þeim tilvikum sem almenn úrræði hafa ekki náð til.	28.5.2015	0		

	Samtals	Fyrirspurnir	Tillögur
Meðaltal	11,0	24	4
Lengsti tími	49	49	21
Stysti tími	0	0	0

Reykjavík 1. september 2015

Yfirlit yfir tillögur og fyrirspurnir fulltrúa stjórnkerfis- og lýðræðisráðs á tímabilinu 16.06.14-15.06.15.

Tillaga/fyrirspurn	Teg.	Inn	Afgreidd	Fjöldi daga	
Fyrirspurn um viðbrögð ráðsins við lokun á flugbraut 06/24	Fyrirspurn	4.5.2015	1.6.2015	28	
Tillaga að tilmælum til OR	Tillaga	15.9.2014	20.10.2014	35	
Tillaga um "stop-doing" lista	Tillaga	1.12.2014	20.4.2015	140	
Tillaga um að auka gagnsæi - fundarkerfi	Tillaga	6.10.2014	6.10.2014	0	
Tillaga um að endurskoða BH	Tillaga	2.3.2015	16.3.2015	14	
Tillaga um að fela IE að gera úttekt á þj.miðstöðvum	Tillaga	15.6.2015	15.6.2015	0	
Tillaga um að IE skoði samskipti v BH á facebook	Tillaga	2.3.2015	2.3.2015	0	
Tillaga um að kanna afgreiðslutíma fagráða	Tillaga	4.5.2015	18.5.2015	14	
Tillaga um að kanna hugmyndir um hverfisráð	Tillaga	15.6.2015	15.6.2015	0	
Tillaga um almenna atkvæðagreiðslu v lokunar á flugbr. 06/24	Tillaga	4.5.2015	18.5.2015	14	
Tillaga um framkvæmd BH 2015	Tillaga	6.10.2014	6.10.2014	0	
Tillaga um íbúakosningu um borgríkið Reykjavík	Tillaga	1.6.2015	2.7.2015		31
Tillaga um lögfræðilega álitserð vegna nýju Reykjavíkurbúsanna	Tillaga	4.5.2015	18.5.2015	14	
Tillaga um fundartíma	Tillaga	15.9.2014	15.9.2014	0	
Tillaga um stöðu í skipuriti	Tillaga	15.9.2014	15.9.2014	0	
			Tími tillagna	231	
			Tími fyrirspurna	28	
			Tími tillagna m. óafgr.	262	

	Fjöldi	Stysti	Lengsti	Meðaltal	Óafgr.	Meðalt. m. óafgr.
Tillögur	13	0	140	18	1	19
Fyrirspurnir	1	28	28	28	0	28

Ásta Guðrún Beck
Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara